

Reykjavík, 5. desember 2013

Ályktun stjórnar Vistfræðifélags Íslands um Náttúruverndarlög

Stjórn Vistfræðifélags Íslands telur afar brýnt að hin nýju lög um náttúruvernd (nr. 60/2013) taki gildi vorið 2014. Stjórn félagsins minnir á almennan tilgang og markmið slíkra laga sem er að vernda náttúruna og tryggja sjálfbæra nýtingu. Þar að auki var brýn þörf á að samræma íslensk náttúruverndarlög þeim alþjóðasáttmálum um verndun náttúrunnar sem Íslendingar eiga aðild að. Mikil þörf er á hinum nýju lögum því þau gömlu (nr. 44/1999) eru ófullnægjandi og sinna ofangreindum markmiðum illa.

Nýju lögin voru byggð á vandaðri og umfangsmikilli fagvinnu og víðtækara samráði en áður hefur þekkt í hliðstæðum málum og þau fela í sér miklar framfarir fyrir náttúruvernd á Íslandi. Þar má nefna skarpari skilgreiningar sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd laga, ákvæði um net verndarsvæða og aukinn rétt þorra almennings til umferðar um landið.

Þá er afar mikilvægt að í fyrsta skipti eru lögfestar meginreglur umhverfisréttar á Íslandi, s.s. um almenna aðgæsluskyldu, vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku, mat á heildarálagi, varúðarregluna og greiðsluregluna (líka nefnd mengunarbótaregla). Einnig eru skýrari skilgreiningar á verndarmarkmiðum og leiðum og gert ráð fyrir auknum heimildum stjórnvalda til að bregðast við brotum. Stjórn Vistfræðifélags Íslands skorar því á umhverfis- og auðlindaráðherra að gæta hagsmuna náttúrunnar og Íslendinga og beita sér fyrir gildistöku hinna nýju laga vorið 2014.

Virðingarfyllt,

Stjórn Vistfræðifélags Íslands,

Ingibjörg Svala Jónsdóttir

Ágústa Helgadóttir

Erla Björk Örnólfsdóttir

Erpur Snær Hansen

Gísli Már Gíslason

Jóhann Þórsson

Tómas Grétar Gunnarsson